

Sumarskóli Rjúpnahæðar

12.júní 2020

Stúlkan (4,3 ára) er búin að vera mjög dugleg við að heimsækja uppgötvunar- og útikennslusvæðið í sumarskólanum. Í síðustu viku fór hún ásamt tveimur kennurum og nokkrum börnum í leit að skordýrum fyrir utan leikskólalóðina. Henni fannst það bæði spennandi og gaman. Hún fékk að skoða skordýrin sem börnin fundu í smásjá og undir stækkunargleri og sýndi hún þessu öllu saman mikinn áhuga.

Í dag brallaði stúlkan heldur betur margt á svæðinu. Hún náði sér í vatn í könnu og holti því í brautina sem hafði verið búin til. Brautin er samansett úr nokkrum þakrennum og er því hægt að fylgjast með vatninu renna niður hana. Hún var mjög vandvirk og varkár þegar hún lék með vatnið, gætti þess að ekkert færi til spillis. Hún var mjög einbeitt í sínum leik og vildi ekki láta trufla sig.

